HSk 556, 4to

# Viljinn

No 2.

Viljinn

# Viljinn.

gefinn út af

Lestrarfjelagi Miklabæjarsóknar

III árgangur

II. blað 31. des. 1900

Ritstjóri Jónas Jónasson Brekkukoti

Farið þið vel með Viljamm,
veigsöl og Salurinn.
Þegar þið náið þilj'ann
þá sje heim Þingurinn.
Látið hann ganga greitt.
Skjör honum spaið eigi
sprokur svo verða meigi
og unun oss öllum veitt.

G. B.

Viljum

Í annað sinn jeg aika af stað
ykkur Sinna bræður.
Allir
Lánið stinna Gjöf oss það
lesa sinnar ræður. [ Sami ]

# Stökur

Gáttu hægt um grýtta braut.
Gjáttu hvað þú stígur á.
Treystu aldrei illum staut.
– Einatt hefur brugðist sá.–

Set þjer takmark heldur hátt.
Hikaðu ei þó sýnist bratt.
Taktu á af öllum mátt.
– Sá engu nemur tíðum datt.–

Varastu þann Gáta lákt
að látast vera meiri en ert.
Ill sá hefur eptir kást
allt þitt líf hann getur svert.

Ef þú frægur verða villt
í verki sýndu hreysti þín.

Hagadu ordum ætíd stillt
þá auki reidin hugar þín.

Af fegurd aldrei hygg þjer hrós,
því himinn byrgir sólu skjótt
og einatt fölnar æskurós
á einni kaldri hjelunótt.

Jónas Jónasson



Sjer hver er sinnar lukku smidur, en til allrar óhamingju hafa fæstir lært þá idn.

Margir eru ánægdir med lífid, þegar þeir einmitt hefdu ástædu til þess að vera óánægdir med það.

Sá gæfusami á fáa vini, en gæfan sem fylgir honum á marga.

Þú getur leitad að frid, hingad og þangad, en finnur hann þá hvergi nema hjá sjálfum þjer. (Þýtt.)

## Opinber útgjöld.—

Þegar vér förum að ræða um landsins gagn og nauðsynjar, og gerum að umtalsefni lífið hjá oss Íslendingum er vanalega viðkvæðið þetta: það er ómögulegt að lifa hérna, því að álögurnar eru svo miklar, opinberu útgjöldin eru svo þung, þau eyðileggja allt efnalegt sjálfstæði manna, þau gera bóndastéttinni og öllum þeim, sem af sveitabúskap lifa svo erfitt, því að ekki er von á öðru en að allt fari eins og fer. Skyldi þetta vera rétt ályktað? Nauðsynlegt er fyrir oss að gera oss það skiljanlegt, því að alveg er það víst, að margir hleypidóma

sem hafa við engin fullnægjandi
rök að styðjast hafa þ lifað og þrosk-
ast og lifa og þroskast enn bæði
hjá oss og öllum þjóðum. Spurn-
ingin er þessi: Miða opinbera út-
gjöld til þess að eyða þörfunum
einstaklinganna? Ef vér komumst
að þeirri niðurstöðu, eru útgjöld-
in ekki að eins óþörf heldur skað-
leg. Og þá væri heppilegast að af-
nema þau með öllu. En af því
leiðir aptur, at hver einstakur verður
að berjast áfram gegn öflum nátt-
úrunnar, án þess að vera bund-
inn neinum samtökum eða félags-
skap, til þess að gera einstakling-
unum þessa baráttu léttbærari.
Hvers vegna hafa útgjöld myndast?
Af því að félagsskapur hefir mynd-

ast meðal einstaklinganna. Í forn-
öld hér á Norðurlöndum um það leyti
sem land var byggðist, höfðu menn
mjög óljósa hugmynd um þesskonar
félagsskap í stærri stíl, sem vér nefn-
um þjóðfélag. Á Íslandi var í þann
tíma í rauninni eins mörg ríki
og goðorðin voru mörg. Allur stjórn-
félagsskapur var miðaður við ættir, og
höfðingi ~~ættarinn~~ ættarinnar var kon-
ungur eins skuldaliðs, og þeirra
minni háttar manna, sem leituðu
trausts í skjóli hans. Í þesskonar
fyrirkomulagi gat því ekki verið
að tala um neinn tilfinnanleg opin-
ber útgjöld, at eins þingfarar-
kaup og sektir fyrir misferli
ýmisleg. Svo kom kristnin, og hún
sameinaði þjóðina í eina heild.
Hún gerði hærri kröfur til siðmenn-

inga einstaklinganna, og til þess að fullnægja þeim kröfum varð að hafa vakandi eptirlit með hegðun einstaklinganna. Það varð að fela sér ólíkum mönnum þetta á hendur, annars vegar sem ~~ein~~ áminnandi (klerklega stéttin), annars vegar sem refsandi (dómarar). En til þess að fullnægja þessum kröfum þurfti fé. Þurfti að leggja opinber útgjöld á menn.

Þannig kemur það. Siðmenningin krefst útgjalda. Hún er ómöguleg án þeirra. Svo hefur það alltaf verið því meir, sem siðmenningin hefir vaxið, því meiri útgjöld, því meiri framfarir, því meiri ~~útgjöld~~ álögur á einstaklingana. En auðvitað eiga álögurnar eptir að koma í vasa gjaldendanna með margfölduðum vöxtum. Hugmyndin sem opinber útgjöld byggjast á er þessi Margar hendur vinna létt verk—



Það sem einstaklingnum er ómögulegt að framkvæma, af því að það er ofvaxið kröptum hans, en þarf þó að framkvæmast, er nauðsynlegt til almenningsheilla, það tekur hið opinbera að sér að framkvæma, en til þess þarf fé, sem hið opinbera hafi með höndum, með öðrum orðum til ~~þess~~ þarfa opinber útgjöld. Þetta virðist liggja í augum uppi. Það virðist fullkomlega ljóst, að hver einstakur maður sé ekki fær um að halda skóla handa sonum sínum, og koma þeim í dómarastöðu (sýslumanns) eptir því, sem þessir hlutir útheimta. Seint mundi ganga að brúa stórárnar á Íslandi, ef engin opinber útgjöld væru;— þá yrðu gufuskipaferðirnar í

kringum strendur landsins, ef enginn landssjóður væri. Jeg vil ekki þar með segja, að öll opinber útgjöld sjeu nauðsynleg. Það er með þau eins og öll verk mannanna, að við álagningu þeirra ráði ófullkomlegleiki; en reynslan sýnir fljótlega, hvað að gagni má verða. Vér kjósum vora beztu menn, til þess að ráða vorum opinbera fjárhag, og vér höfum ekki ástæðu til þess að ímynda oss annað en að þeir ráði fram úr því yfirleitt eptir beztu samvizku. Svo er líka hér við að aðgæta, að dóma mannanna um nytsemi hlutanna fara svo opt í gagnstæðar áttir að varlega er farandi eptir þeim.

Íslendingar eru líka þannig settir, að öll samvinna á meðal þeirra er mjög erfið sökum strjálbyggðar, og hefir það án efa ekki all-lítið stutt að þeim hugsunarhætti að bezt væri að hver lifði út af fyrir sig og byggði að einu. En þessi hugsunarháttur er þröskuldur á vegi félagshugmyndarinnar. Vér þurfum ekki ~~lengi~~ langt að líta til þess að sannfærast um þetta. Kaupstaðarbúar á Íslandi eru þó lítt betur efnum búnir, að kaupmannastéttinni undanskilinni en bændur í sveit, og þó dylst oss ekki að samtök til almennings heilla, sem hafa fjárútlát í för með sér ganga miklu greiðara þar en í sveitunum. Jeg vil taka eitt dæmi oss nærri: Góðtemplarafélagið á Sauðárkrók, sem samanstendur

eptir því jeg bezt veit af eins litlum mönn-
um. Kynokaði sér ekki við að koma upp
húsi á fyrsta ári: En á hinn bóginn, í
hvað mörg ár höfum við Akrahrepps-
menn ekki séð að oss vantaði sam-
komuhús, og ókomið er það enn. Get-
ur oss dottið í hug að oss mundi
erfiðara veita að koma því upp, en
góðtempl. Sauðárkróks? Fráleitt.
Framfaramál er það vafalaust,
en útgjöld hefði það í för með sér. —
Sannleikurinn er sá, að yfirleitt, því meiri
útgjöld sem þjóðirnar og einstök félög
leggja á sig, því lengra eru þær áfram
komnar! Félagsskapur, því betur hafa þær sann-
færst af reynslunni um, að margar
hendur vinna létt verk, að það er meiri
framkvæmdar og hagsmuna von, að vinna
í sameiningu að auðnu takmarkinu,
en að hver bauki út af fyrir sig.
En vér verðum alltaf að hafa hugfast:
Engar miklar framkvæmdir án opinb. útgjalda. Jeg
efast ekki um,



ekki um það, að okkur liði betur,
ef vér værum fúsari á að leggja
meira fram til almennings-
þarfa en við erum, ef vér vildum
vinna meira í sameiningu og
hjálpa þar með hver öðrum áfram.
Eitt dæmi skal jeg tilgreina: Fjár-
ræktin hjá oss getur tekið fram-
förum, þess vegna er skynsamlegt,
að nota öll þau meðul, sem hugs-
anlegt er að geti bætt hana. Í öð-
rum löndum hafa sýningar reynst
eitt af áhrifamestum meðulum
þá átt. — Vísir í þessa átt er fjár-
skoðunin, ~~sem~~ hjá oss, sem fyrirskip-
uð er með lögum frá síðasta þingi.
Nú er sannleikurinn sá, að fjár-
eigendur hafa mikla óbeit á þess-
ari fjárskoðun kostnaðarins vegna.

þetta er eflaust áhyggilegt, því að
þó skoðanir þessa einmitt að gera
mjög lítið gagn til þess þó að
borga sig. En það þarf að velja hentuga
menn til skoðananna, sem eptir atvik-
um kunna vel með skepnum að fara
og geta leiðbeint mönnum! þá ætti
Og ~~me~~ þeir eiga ekki að eins að
skoða, heldur að leiðbeina, og áminna
ef illa er með farið. — Bezt væri að
lesa upp skýrslu um það á opinber-
um fundi: Jeg álít að eigendur ~~ætti~~
á búpeningi ætti einnig að eiga
sér stað, og verðlaun að veitast úr
hreppssjóði: Við megum ekki van-
rækja svo sjálfum oss, að vér getum
ekki
þrundit neinu áfram. Og allt sem

getur vakið áhuga vorn á landbúnað-
vorum og eflt hann styrkt er ofar þýð-
ingarmikið, hvert hann fetið! því ætt
er beinn gróði. Það má ekki hrapa
að skoðunum eins og brunnið hefir
við undanfarið. ~~Gær~~ Framkvæmdar fara
að eins af hlýðni við lögin, og hugsa
um það eitt, að tíminn verði sem
styttstur og kostnaðurinn þar af leiðandi
sem minnstur. Með því lagi er þeim
peningum, sem til þeirra ganga, að mein-
ni minna leyti kastað í sjóinn, og á
því höfum vér ekki ráð. Skoðunar-
menn ættu að vega nokkur kindur á hverjum
bæ, og lýsa fjárkyni, heilbrigðisástandi
holdafari. Fullorðinn afr. Veita
sérstakl. aðgæslu hrútum og hrútsmat-
um. gæðum mjólkurkúm, hrausti.

þalleyum bolum til undaneldis, byggja fjár-
húsum og fjósum. Sama ætti hrossa-
ræktarnefndin að gera. Ekki má búast
við skjótum árangri; en oss þokar þó
áleiðis, ef guð vill. —

Allt þetta hefir útgjöld í för með sér,
en ef vér knýtum oss þetta skynsamt,
og viljum allir að einhver sjáist
árangurinn, þá tökum við þann kostinn
að aptur heima hjá oss.

Þá er búnaðarfélagið okkar. Mörgum
mun sýnast það standa völtum fótum,
en þó hefir það áefat gert gagn. Vér
fáum árlega styrk handa því úr lands-
sjóði og það er sérst að lasta. En hitt
finnst mér, vér eigum ekki svo að beit-
ast því úr landssjóði; að vér ekki sjálf-
ir viljum leggja eitthvað fram. — Vér
eigum að styrkja félagið úr vorum eigin
sjóði: úr hreppssjóði: Menn reka upp
stór augu við þetta: Úr hreppssjóði. Skárri



er það jöfnuðurinn! Af 70-80 bændum
hreppsins eru máske 15 í búnaðar-
félaginu. En mér er spurn: Til hvers
er félagið? Til að efla túnrækt og engja-
rækt í hreppnum, til að bæta hag hrepps-
búa. Hverjum ber fremur að styrkja
þessa viðleitni en einmitt hrepps-
sjóðnum? Ég álít að hreppssjóður ætti
að leggja til að minnsta kosti hálft
á móti við landssjóðsstyrkinn. Hrepps-
sjóðurinn á að styrkja allar framfarir
í hreppnum. Vér megum ekki hugsa
oss, að sækja allan styrk í lands-
sjóðinn.

Eins er með uppfræðslu unglinganna.
Ég álít nú að landssjóður ætti að leggja
til þess meira fé en hann gerir og
opinbera eptirlitið með kennslunni
ætti þar af leiðandi að vera nákvæmara.
Hreppasjóðirnir ætti að taka hana
einning að sér, þó ekki aðeins neina

að örlitlum hluta umfram það sem nú er, helst með afarlitlum verðlaunum til framúrskarandi barna. Mín hugsun er þessi: Vér verðum smátt og smátt að gera kroppsíþróttirnar ~~ekki~~ að framfaraíþrótt fyrir hvert kroppsfélag, en ekki þátttaka íþrótt eingöngu eins og sumir vilja hafa hana.—

Eigum vér ekki að byrja? Jú því að bráðum rennur upp 20. öldin.

Björn Jónsson.

Smávegis um heilbrigði.

Á næstl. hausti kynntist jeg dálítið Akureyrar spítala, og veitti jeg því eptirtekt, af hverjum meinsemdum þeir helst þjáðust, er þar leituðu sér hjálpar hjá hinum ágæta lækni, Guðm. héraðs-lækni Hannessyni. Komst jeg brátt að raun-

um, bæði af eigin sjón, og af sögn sjálfs læknisins, að langflestir sjúklingar, sem á spítalann koma, þjáðust af hinni svonefndu berklaveiki. Veiki þessi ásækir einkum lungun, og er þá nefnd lungnatæring, liðamót, og er þá nefnd liðatæring, kirtla og er þá nefnd kirtlatæring. Hvar sem veikin leggst á er hún ákaflega hættuleg.—

Veikin er ákaflega næm og sýkist helzt með hrákum tæringarveikra sjúklinga, sem hafa tæringu í lungunum. Þegar tæringarveikir sjúklingar hrækja á gólf, þornar hrákinn á gólfinu og verður að ryki; berst þá sóttnæmið aftan í lungun með andardrættinum, og geta þannig sýkst fleiri en þessi:

Mér dettur því í hug að benda mönnum á það, að þeir sem hafa hósta og

uppgang ætti aldrei að hrækja á gólf, heldur í ílát, sem vatn væri í, og sem svo væri kastað í burtu. Yfirleitt ætti menn að venja sig af því að hrækja hvar sem vera skal, einkum þar sem menn vita, hve ~~hættu hand~~ hættulegt slíkt getur verið, og að einn hráki getur máske leitt marga með harmkvölum í gröfina. Enginn, sem hefur uppgang, getur með vissu sagt, að hann hafi ekki tæringu, því að á einskis færi nema lækna er að rannsaka það.

Jeg sá einn sjúkling berklaveikan á spítalanum, og hafði fóturinn á honum verið tekinn upp í mjaðmarliðið, og þar að auki hafði hann tæringu í handleggnum og í görnum. Auðvitað var sjúklingur þessi ekkert annað en ~~skinn~~ og bein, unglingur á 17. ári. Og þessum hörmungum hefði líklega einn hráki valdið, sem



í grunnleysi hefir verið hrækt á gólfið. ~~[illegible]~~ Þetta er umhugsunarvert.

Ekki er ólíklegt, að menn geti sýkst og sýkt af kossum, og væri því sjálfsagt réttast að leggja nú þenna gamla þjóðsið niður.

Hrækið aldrei á gólf, hvorki heima hjá yður né annarsstaðar.

Eptir sögn héraðslæknisins okkar er Blönduhlíðin ~~a~~ ein af þeim sveitum, sem tæringarveikin er mest útbreidd í, í hans umdæmi. Það gefur oss því hugvekju um, að reyna eptir því sem oss er unnt, að hepta viðgang þessarar landplágu. Þegar jeg kom hingað fyrir 11 árum vissi jeg ekki til að hér væri nema einn tæringarveikur sjúklingur. Síðan hafa margir dáið og nokkrir lifa við bága heilsu.

—"—

Sullaveiki mun koma allt af á spítalann úr öllum hlutum landsins. Það er hörmulegt, að menn skuli enn ala þessa ~~hörmulegu~~ kvalafullu veiki í landinu, eins mikið og reynt hefir verið til af læknanna hálfu að koma almenningi í skilninga um orsaki hennar, og hvernig henni ætti að verjast, og eins auðvelt og virðist að útrýma henni alveg.

Það er nefnilega vísindalega sannað, að sullaveikin stafar eingöngu af því, að bandormsegg úr hundi berast ofan í manninn. En bandormsegg geta á hinn bóginn alls ekki orðast í hundi, nema ~~sulla~~ hann éti sull úr kind. Það er því þetta óbrotna ráð, til þess að útrýma sullaveiki alveg að hirða alla sulli, sem fyrir koma á blóðvelli og brenna þá. Ekki að grafa þá, því að óvíst er, að það sé svo tryggilega gert, að hundar nái þeim ekki. Með þessu sama ráði og alveg útrýmt höfuðsótt úr búpeningi vorum.—

Hirðið því hvern sull og brennið.

—a—

Lungnabólga er mjög almenn sjúkdómur og leiðir margan, ungan og gamlan í gröfina. Þetta er næm veiki og er sóttnæmið í hráka sjúklingsins.— Hráka þeirra, sem liggja í lungnabólgu ætti því ávallt að brenna.

—a—

Í sambandi við þetta vil ég brýna það fyrir mönnum, að í öll-

um alvarlegum sjúkdómstilfellum ættu menn sem allra fyrst að leita héraðslæknisins. Allur dráttur getur leitt mikið illt af sér. Vitanlega er það opt kostnaði og erfiðleikum bundið, einkum fyrir fátæka, en það má ekki horfa í neitt þess konar. Að oss virðist svo, sem læknunum okkar mistakist lækningatilraunir sínar mun opt stafa af því, að við leitum þeirra eigi fyrr en á tíma, og högum oss stundum eigi eptir fyrirmælum þeirra.—

Björn Jónsson

+ + + + + + + + + +

Jeg þykjist vita, að flestum af „lesendum Viljans" muni vera það ljóst, að ekkert blað getur verið uppbyggilegt nema með því eina móti, að í það sjeu skrifaðar, skemmtilegar, og nytsamar ritgjörðir, og einmitt þetta atriði, að flestum er það ljóst—hefur að mínu áliti þau áhrif að flestir af lestrarfjelagsmönnunum ekki treysta sjer til, að leggja út á hinn mikla ritvöll; því á honum sjást, svo margir hjálmar klofnir, svo margir skildir botnir, og brynjur slitnar; Í stuttu máli sagt, skaðarnir manna svo sundurtættar, að varla sýnist nokkur heil brú eptir, og álít jeg það því nokkra vorkunn, þó að óvönum, og ómenntuðum mönnum, ekki þyki fýsilegt að leggja út á djúpið. En allt fyrir það álít jeg, að við fjelagsm. ættum að reyna

ad taka okkur þenna í hönd, ef ské
kynni ad vjer med því gætum sýnt,
ad vid sjeum menn, sem viljum
áfram til þeirrar sidmenningar, sem
gjörir oss ad skyldurækari, og fje-
lagslegri mönnum, en vjer nú
almennt erum. Það mun engum
manni detta í hug, að efast um
það, ad skipulag á mörgu í fjelagslífi
voru, er ad mörgu leyti mjög ábóta-
vant, og til ad samfærast um ad
svo sje, ætla jeg ad benda á það
sem mjer virdist, fyrst þurfa ad
laga í lestrarfjelagi voru; Og er þá
fyrst ad tala um fundina, sem
mjer virdist líkari því, ad börn
komi saman, til þess ad leika sjer;
heldur en það sjeu fundir, sem menn
halda til þess ad ræda um, málefni,
sem gætu ordið til þessad sýna sjálf-
um oss og ödrum, ad vjer viljum
laga og bæta; ~~þó ekki væri~~, þó ekki

væri nema á starfsvidi lestrarfjelags
vors. Annad, sem jeg vildi fara fá-
einum ordum um, og sem ekki mun
hafa svo litla þýdingu, er það hvað
meiripartur af <u>tillögum greidist
seint</u>. Vid það töpum vid minnsta
kosti 1/3 af þeim tíma, sem vid notum
til lesturs bókanna, og er það ad vísu
allmikill skadi, en hitt álít jeg
þó verra, ad med því ad, borga
ekki tillögin á hinum ákvedna
tíma, venjum vjer oss á óskilsemi.
Vjer megum alls ekki hugsa, ad það
gjöri lítid eda ekkert ~~til~~ til, ad
láta hitt og þetta–sem vjer–bædi
getum og eigum ad gjöra–dragast
fram yfir þann tíma, sem ákved-
id er, af því það hefur ordið dauda-
mein svo margra þarflegra fyri-
tækja. Já það er víst, ad skipu-
lagsleysi og óskilvísi, hefur opt
ad miklu eda öllu leyti, eydilagt

framtíð, einstaklingsins og heilla
fjelaga, og svo framarlega sem við
viljum, að menning og mann-
dáð vaxi, — sem jeg tel víst
að allir vilji — hversvegna látum
vjer þá ekki skilyrðin sem til
þess þarfa skipa öndvegið?
Það ættum vjer þá að geta gjört.

En ef vjer ekki höfum drengskap
til að laga og bæta, það sem sjúkt er
í fjelagslífi voru, þá sýnist mjer
rjettast, að fyrir oss, að halla
okkur enn nokkra stund
upp við kodda þann, sem skip-
ulagsleysi og ólagnaður hafa
notið svo langrar hvíldar
við.

Jóh. Jónsson

# Á gamalársdag 1900

Líkast einsog straumur, er líður hönnum frá,
og loksins alveg stöðvast, þá fellur hann í sjá.
þannig líf vort líður, með eptirsóknum sínum
Sælublöndnum vonum og hörðu sorgar pínum.
Margir eru straumar og mörg er aldan hörð
við misjafnt er að stríða á ófullkominni jörð —
En allir þeir loks falla í sama kalda sæinn
svo sem ljós er slokknar við kalda aptanblæinn.

— . — . — . — . — . — . —

Nú hnígur aldarröðull í sæ í hinsta sinn
og sveipar björtum geislum, vorn kalda snæfeldinn.
Þeir líkjast friðarenglum, sem boða betri tíma
þá birta fer af degi, en hverfur myrkurs gríma.

Við kveðjum þig sem ert nú að hverfa
þá oss braut,
þú hverfur sjónum vorum en ei í gleymsku
því þrældóms sterka fjötra af fótum skaut
og fram úr villumyrkri á rjettan veg
vorum greiddir
~~oss~~ oss leiddir

Þá mörg sje þrautin unnin, er meira
eptir þá;
Við megum ekki standsa, — Að byrja
ei er nó;
En tökum saman höndum, með hreinum
sönnum vilja
og heimskan gamlan vana, ei látum
okkar skilja.

Þá störfum saman allir með einum
sama-hug
að auðnutakmarkinu — og sýnum
hetju dug.
Þá mun nýja öldin oss færa fársælt
leiði,
og fullkomna það verk,
sem er nú á bernsku
skeiði;

Jónas Jónasarson

# Svarti þjónninn

Snemma á þessari öld ferðaðist einn fursti um landareign sína. Í fylgd með furstanum var kolsvartur negri, sem honum þótti mjög vænt um. Auðvitað söfnuðust allir íbúarnir saman hvar sem furstinn kom, og allir undruðust sem sáu þennan svarta mann. Einn dag var furstinn um kyrt í litlu þorpi einu, og um kveldið stóð „negrinn“ fyrir utan dyrnar á gestgjafahúsinu, og reykti vindil í ákafa svo neistarnir stóðu í allar áttir. Bóndapiltur sem gekk fram hjá standsaði og horfði undrandi á þenna svarta mann, með vindilinn. Hann hafði aldrei heyrt getið um negra, og reyktóbak þekkti hann heldur ekki. Negrinn, sem tók eptir því hvað „pilturinn“ var hissa tók vindil upp úr vasa sínum,

rjetti honum og sagði: „Lángar þig til þess að smakka þennan.“

En pilturinn hörfaði aptur á bak og sagði: „Nei! þakka þjer fyrir herra djöfull, jeg jet aldrei eld.“

× × × × × × × ×

Presturinn „Þú komst ekki til kirkju í gjær Jakob.

Jakob: „Nei það var svo mikið óveður að ekki var hundi útsigandi. Jeg sendi konuna mína í staðinn fyrir mig til kirkjunnar“

– – – – – – – – – –

A. „Hefur hann Pjetursen fengið þennan mykla auð með ærlegu móti?“ B. „Nei hann fjekk hann allan með konunni.“

Herrann „Jeg get ekki gefið yður meira Jeg vinn svo lítið“

Betlarinn. „Hversvegna vinnið þjer þá ekki meira?“ [Þýtt]

Ham Jonn 9 januar 1901

Ihr Jpan K 1901

1901